

Bragi Ásgeirsson

Bragi var formaður hesthúsaeigendafélagsins í Borgarnesi um árabil. Á þeim tíma var stigið mikið framfaraspor í hesthúsamálum í Borgarnesi er byggðin var flutt þar sem hún er nú. Bragi byggði jafnframt fyrsta hesthúsið á Vindásnum og á þessum tíma var einnig reist fyrsta reiðgerðið á svæðinu. Bragi sat í stjórn Faxa í mörg ár, var varaformaður með Skúla í Skarði í nokkur ár. Hann var framkvæmdastjóri fjórðungsmóts sem haldið var á Faxaborg árið 1975 og sat í framkvæmdastjórn fjórðungsmótanna sem haldin voru á Kaldármelum 1980 og 1984. Þá sat Bragi í stjórn Fáks frá 1993 til 2000 og var formaður 1996 til 2000. Hann kom mikið að reiðhallarsýningum á þessum tíma og stóð fyrir því ásamt öðrum að fyrsta landsmótið var haldið á höfuðborgarsvæðinu árið 2000. Bragi var í stjórn Eiðfaxes um árabil og stjórnarmaður í fjögur ár. Á þessum tíma var mikill umbrotatími í blaðaútgáfu og einnig var byrjað með vefinn ásamt Eiðfaxes International. Bragi hefur einnig komið víða að málefnum hestamanna á landsvísu. Hann hefur jafnframt í nógu að snúast við að fylgja fjölskyldu sinni eftir í hestamennskunni. Bragi Ásgeirsson hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.